

Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands
Fundur23. nóv. 2010
10. fundur

Staðsetning: fundarherbergi KSÍ, 16:00 – 17:30

Mættir: Arnar Bill, Kristján, Ómar, Sigurður, Theodór, Þórir og Úlfar
Boðuð forföll:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar lesin og samþykkt.

2. Afmælisdagurinn samantekt

Umræður um ráðstefnuna og afmælishátíðina um kvöldið. Almenn ánægja með hvað vel til tókst.

3. Aðalfundur KþÍ 2010

Umræður um val á þjálfara ársins og viðurkenningum fyrir vel unnin störf til yngri flokka þjálfara. Verkaskipting, Ómar sér um veitingar, Úlfar verður fundarritari, ákveðið að reyna að fá Njál til að vera fundarstjóra. Stjórnarmenn hafa aftur samband við þá gull- og silfurhafa sem ekki komust á afmælishátíðina. Tillaga að óbreyttu árgjaldi samþykkt.

4. Önnur mál

- a) Umræður um hvort hægt sé að búa til tækifæri til að fá gesti afmælskvöldins oftar saman og rætt um í tengslum við afhendingu viðurkenninga á þjálfurum ársins.
- b) Rætt um að setja af stað ferðanefnd með fræðsluferð til Portúgals haustið 2011 í huga. Einnig á u21 í Danmörku næsta sumar.
- c) Rætt um sumarbústaðaferð.

Úlfar Hinriksson
ritari